

# Um helgina

# um helgina



## Björg Þorsteinsdóttir sýnir í Norræna húsinu

Björg Þorsteinsdóttir opnar í dag sýningu á málverkum og grafík í sýningarsölum Norræna hússins. Málverkin eru 36 að tölu en grafíkmyndirnar 9, og eru öll verkin unnin á s.l. þremur árum. Þetta er fimmta einkasýning Bjargar, en hún hefur tekið þátt í ótal samsýningum útum allan heim, m.a. í Astralfu, Japan og Zaire. Um þessar myndir á hún nokkrar myndir á norrænni samsýningu sem er á ferðalagi um N-Grænland. Sýningin er flutt milli byggðarlaga á þyrlum og hundasleubum.

í Reykjavík, Stuttgart og París, en hefur starfað hér heima að mestu leyti síðan 1973. Hún hefur þrjú eigin hlotið viðurkenningu fyrir grafík á alþjóðlegum samsýningum: 1970 og 1972 í Frakklandi, og 1976 á Spáni.

Sýningin í Norræna húsinu er opin kl. 14-22 daglega og stendur til 9. apríl. Grafíkmyndin Stórborg eftir Björgumun prýða forsíðu Sunnudagsblaðsins á morgun, og einnig verður í blaðinu kynning á þessari ágætu listakonu og verkum hennar.

Björg stundabí myndlistarnám

—ih


## Afmælissýning Ásgeirs Bjarnþórssonar

að Kjarvalsstöðum

Ásgeir Bjarnþórsson listmálari er áttáttur á morgun, 1. apríl. Af því tilefni verður opnuð stór yfirlitssýning á verkum hans að Kjarvalsstöðum. Elstu myndirnar eru frá 1917 en þær yngstu nýlegar. Ásgeir sagði í samtali við Þjóðviljann í gær að hann væri fæddur fyrir aldamót enda væri hann 19. aldar maður og hefði hlaupið 1. apríl alla sína ævi.

Sýningin verður opnuð á morgun og stendur í hálfan mánuð.

—GFR



Ásgeir við stórt málverk af Jóhannesi Kjarval. Hann sagði að þetta væri eiginlega skissa því að Kjarval hefði aðeins setið þrisvar sinnum fyrir í stuttan tíma í hvert sinn. (Ljós m.: eik)

## REYKLAUST BALL

Á morgun mun Samstarfsnefnd um reykingavarnir gangast fyrir reyklusu diskótéki að Hótel Borg, frá kl. 15.00—18.00, fyrir unglínga fædda 1965 og eldri.

Þetta diskóteki er haldið í samvinnu við Hótel Borg, sem lánar húsið endurgjaldslaust og Diskótekið Dísu, sem sjá mun um tónlistina og halda uppi fjörunu. Sýndar verða nýjustu poppmýndirnar um leið og lögin verða spiluð af plötum. Þá munu unglíngarnir, sem urðu í fyrsta og

öðru sæti í hópdiskódanskeppni Klúbbsins og Útsýnar, sýna diskódansa.

Aðgangur er ókeypis og heimill öllum þeim unglíngum sem fæddir eru 1965 og fyrr, og vilja skemmta sér og dansa í hreinu lofti — án tóbaksreyks. Allir sem koma á diskótekið n.k. sunnudag, fá ókeypis barmmerki sem á stendur: „Reykingar eru tóm tjara“, og litprentað veggspjald með þekktu frjálsþróttafólki.

## Inga María Eyjólfsdóttir syngur í Bæjarbíói

Sópransöngkonan Inga María Eyjólfsdóttir heldur tónleika í Bæjarbíói, Hafnarfirði, í dag kl. 15. Við hljóðfærið er Guðrún A. Kristinsdóttir.

Á dagskrá eru lög eftir Brahms, Hugo Wolf, Schubert, Pál Isólfsson, Bjarna Böðvarsson, Sigvalda Kaldalóns, Roger Quilter og Edward Grieg.



## Snorra-sýning að Kjarvalsstöðum

Í dag verður opnuð að Kjarvalsstöðum sýning á teikningum þeim er skreyttu fyrstu norsku viðhafnarút-gáfuna á Heimskringlu Snorra Sturlusonar, en hún var gefin út 1899.

Myndirnar eru eftir Hal-dan Egedius, Chistian Krogh, Gerhard Munthe, Eilif Pettersen og Erik Werenskjöld. Myndirnar eru 67 að tölu, eign Nationalgalleriet í Osló. Norræna listabanda-lagið stendur fyrir sýningunni hér, og verður hún síðan sett upp á öllum Norðurlöndunum. FIM hefur veg og vanda af uppsetningunni hér á landi, og annast það myndhöggvararnir Hallsteinn Sigurbsson og Helgi Gíslason fyrir hönd félagsins.

Sýningunni fylgir vegleg sýningarskrá sem Gyldendal Norsk Forlag gefur út. Sýningin verður á eystri gangi Kjarvalsstaða og er öllum heimill ókeypis aðgangur.

## Þýskur kór í Heimsókn

Einn af þekktustu blönduðum kórnum í Þýskalandi-Der Niedersächsische Singkreis frá Hannover-syngur á vegum Tónlistarfélag Akureyrar í Akureyrarkirkju sunnudaginn 1. apríl, og hefjast tónleikarnir kl. 20.30.

Efnisskráin er hin fjölbreyttasta; þar eru verk frá „gullaldarskeiði“ evrópskra madrigala, einnig verk eftir Brahms, Hindemith, Distler, Kodaly, og slóvakísk þjóðlög í úrvinnslu Béla Bartók. Stjórnandi kórsins — Willy Trander — er einn af stofnendum samtaka evrópskra æskukóra og hefur kór hans verið leiðandi á kórámótum samtakanna — Evrópa Cantat. Kórinn hefur ferðast til flestra landa í Evrópu, einnig til Bandaríkjanna og Afríku.

Willy Trander hefur haldið kórnamskrá um lönd, og eitt slíkt fer fram í Menntaskólanum við Hamrahlið, á meðan kórinn dvelur þar. Einnig syngur kórinn á tvennum tónleikum á vegum Tónlistarfélagins í Reykjavík, fyrri tónleikarnir verða í sal Menntaskólans við Hamrahlið mánudaginn 2. apríl en þeir síðari í Háteigskirkju miðvikudaginn 4. apríl.

Á Akureyri fer forsala fram í Bókabúðinni Huld og við innganginn 1. klst. fyrir tónleika. Aðgöngumiðaverð er kr. 2.000 fyrir fullorðna, en 1.500 kr. fyrir skólafólk undir 20 ára aldri.

## Lúðrar þeyttir í Firðinum

Í dag kl. 16 heldur Lúðrasveit Hafnarfjarðar sína árlega hljótleika fyrir styrktarfélag og velunnara, í íþróttahúsi Hafnarfjarðar.

Þar mun einnig koma fram Skólahljómsveit Hafnarfjarðar, undir stjórn Reynis Guðnasonar. Þetta er 29. starfsár Lúðrasveitar Hafnarfjarðar og eru nú 45 hljóðfæraleikarar. Stjórnandi sveitarinnar er Hans Ploder Fransson.



## Nýlist á Suðurgötunni

Þrjú ungrir myndlistarnemar opna í dag samsýningu að Suðurgötu 7. Þeir eru: Sigurður Armannsson, Kristján Karlsson og Ómar Stefánsson. Allir hafa þeir numið við Myndlista- og handiðaskóla Íslands í tvö ár.

Á sýningunni eru verk sem flokkast undir nýlist, unnin með blandabrí tækni: skulptúrar, ljósmyndir og vatnslitamyndir. Sýningin verður opin kl. 4—10 virka daga, en 2—10 um helgar, og stendur til 16. apríl.



## Skrautreið Hemúlanna

með hljótleika í Félagsstofnun stúdenta á mánudagskvöld

„Skrautreið Hemúlanna“ er nafnið á hljómeiki því er spila mun frumsamíð efni í Félagsstofnun Stúdenta, mánudagskvöldið 2. apríl 1979, kl. 21.00.

Í hljómeikinu eru nebangreindir listamenn:

Arni Óskarsson, er sér um áslátt; Bergþóra Jónsdóttir, sem sér um rödd og fiölu, Björn Karlsson, spilar á gítar og bassa, Hjalti Gíslason, sem sér um rödd og

þverflautu, Jóhanna V. Þórhallsdóttir, sér um rödd og pianó, Jón Hallur Stefánsson, sér um rödd og pianó, Steingrímur Þryfjörð Guðmundsson, sér um bassa og gítar, og Þorgeir Rúnar Kjartansson sem sér um tenór og saxófón.

Rétt er að benda á, að þetta verða eiru tónleikarnir sem hljómeikið heldur næstu vikur og mánuði, vegna prófanna listamanna.

## Baba-Jaga flytur í Breiðholtið

Undanfarnar vikur hefur Alþýðuleikhúsið-Sunnandellið sýnt barnaleikritið „Nornin Baba Jaga“, eftir Schwartz í Lindar-bæ og hefur verið uppsétt á allar sýningar.

Hefur nú verið ákveðið að sýna leikritið í Breiðholtsskóla vikuna 2.-7. apríl og gefa þannig börnum í Breiðholti kost á leiksýningum í hverfinu.

Míðasala fer fram í skólunum í

hverfinu og er auglýst í hverjum skóla fyrir sig.

Sýningar í Breiðholtsskóla verða mánudag, þriðjudag, miðvikudag og föstudag kl. 17.00 og laugardag kl. 14 og 17.00.

Fórelvar eru einnig velkomnir á sýningarnar. Þá má geta þess, að annar hópur frá Alþýðuleikhúsinu fer nú um landsbyggðina og sýnir barnaleikritið „Vatnsberana“, eftir Herðisi Egilsdóttur.

## Ef skynsemin blundar

Síðasta sýning á morgun

Annad kvöld verður síðasta sýning í Þjóðleikhúsinu á spánska leikritinu Ef skynsemin blundar, en það fjallar um malarann Goya, sem Róbert Arnfinnsson leikur. Verkið er talið í hópi merkari nútímaleikrita og sýning Þjóðleikhússins hefur vakið at-

hygli og þykir fyrir ýmissa hluta sakir nýstárleg. Mikill fjöldi lit-skyggna af málverkum meistarans er notaður í sýningunni, sem Sveinn Einarsson leikstýrir. Leikmynd er eftir Baltasar en Ornlófur Arnason byddi leikritið úr frummálinu. Auk Róberts eru í stórum hlutverkum þau Kristbjörg Kjeld, Helgi Skúlason, Rúrik Haraldsson, Helga Bachmann, Gunnar Eyjólfsson og Arnar Jónsson.